

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.12 2014 5. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er desembermánuður að ganga í garð með allri sinn ljósadýrð og hlýleika. Mjög dimmt er þessa dagana þar sem snjóinn vantar til að veita okkur birtu og minnum við á að nauðsynlegt er að allir noti endurskinsmerki til að sjást betur í umferðinni. Einnig viljum við biðja þá foreldra sem telja þörf á því að keyra nemendur í skólann að setja þá út við fremra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið beint inn í sína forstofu.

Nú hefur starfsfólk og skólaráð skólans fengið kynningu á niðurstöðum ytra matsins sem fram fór í september. Þangað til að menntamálaráðherra hefur samþykkt skýrsluna og skrifað undir hana er ekki hægt að birta niðurstöður úr henni. Við megum svo sannarlega vel við una og erum virkilega að standa okkur vel í mörgum af þeim þáttum sem skoðaðir voru. Marga þætti þarf líka að skoða og bæta og stefnum við að sjálfsögðu ótrauð áfram að vinna að umbótum.

Niðurstöður samræmdu prófanna liggja nú fyrir og erum við nokkuð sátt með þær. Hægt er að skoða inn á heimasíðunni einkunnir í prófunum frá árunum 2007-2014, slóðin er <http://siduskoli.is/static/files/samraemdar%20einkunnir/einkunnir.pdf>.

Þann 11. nóvember urðum við svo fyrsti skólinn til að skrá okkur í Loftslagsáskorunina og það var afskaplega gaman að sjá í fjölmiðlum þessa jákvæðu umfjöllun um Síðuskóla. Nú er keppnin hafin og nemendurnir okkar ásamt kennurum farnir að vinna á fullu í verkefninu. Þetta verkefni fellur vel að umhverfisstefnu skólans og er markmiðið að sjálfsögðu að vinna keppnina!

Litlu jólin verða þann 19. desember. Á síðasta skólaárin prófuðum við nýtt fyrirkomulag en það var að hafa allan skólann á sama tíma á litlu jolum, áður höfum við tvískipt hópnum. Þetta gekk mjög vel og höfum við ákveðið að hafa sama háttinn á núna. Það koma því allir í skólann kl.9.00 og fara heim kl. 11.00. Milli 9.00-10.00 skiptum við hópnum í salinn og stofur en kl. 10.00 hittast svo allir í íþróttasalnum og ganga saman í kringum jólatréð. Frístund er opin þennan dag til kl. 13.00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk en frá kl. 13.00 er opið fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir, greiða þarf sérstaklega fyrir þennan tíma. Skólinn hefst svo aftur eftir jólaleyfi þriðjudaginn 6. janúar samkvæmt stundaskrá. Mánudaginn 5. janúar er skipulagsdagur og frístund lokuð allan daginn.

Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða.

Með hækkandi sól höldum við svo áfram að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga



Hitt og þetta



Nýr fræðslustjóri

Soffía Vagnsdóttir tók við starfi fræðslustjóra á Akureyri 1. nóv. s.l.

Við bjóðum Soffíu velkomna til starfa og hlökkum til að vinna með henni og um leið þökkum við Gunnari Gísalsyni fráfarandi fræðslustjóra fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Bókasafnið: Nú sem endranær mun



Guðrún á bókasafninu fá nemendur til sín á aðventunni og lesa upp úr nýjum bókum fyrir þá. Óvenju margar nýjar bækur eru nú í boði fyrir unglingana okkar í ár og hvetjum við foreldra,

ömmur og afa, frænkur og frændur að kynna sér framboðið og vanda valið í hörðu pakkana.

Jólafondur: Nú er skólinn óðum að fá á sig hátíðlegan blæ. Jói húsvörður er búinn að setja upp seríur í innigarðinn hjá matsalnum, stjórnur í glugga og Linda og hennar fólk í félagsmiðstöðinni er búð að setja upp enn fleiri stjórnur og jólatré í matsalinn. Í næstu og þar næstu viku verða stigin með jólafondur fyrir nemendur þar sem ýmsir fallegir og eigulegir hlutir verða til.

Á döfinni í desember:

- | | |
|----------|---------------------------------------|
| 1. des. | 10. bekkur velur mat í hádeginu |
| 1. des. | Spurningakeppni á unglingastigi |
| 5. des. | Jólasöngsalur |
| 12. des. | 1. bekkur boðinn á jólaónleika í Hofi |
| 19. des. | Litlu jólin og jólaleyfi hefst |
| 6. jan. | Kennsla hefst að loknu jólaleyfi |



Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir

Úr skólalífinu: Fréttir úr 7. bekk

Jól í skókassa



Í nóvember var mikið um að vera hjá krökkunum í 7. bekk. Fyrst tóku þeir þátt verkefninu „jól í skókassa“ á vegum KFUM og KFUK. Þeir höfðu mjög gaman af að útbúa jólapakkana sem fara til fátækra og veikra barna í Úkraínu. Verkefnið gekk vel, krakkarnir voru áhugasamir og lögðu metnað í að hafa pakkana sína með fjölbreyttu innihaldi. Það voru stoltir krakkar og kennarar sem gengu niður í Sunnuhlíð til að afhenda pakkana. Jóhann Þorsteinsson tók vel á móti þeim, sagði frá verkefninu og sýndi myndir frá starfinu. Eftir heilmiklar umræður og spurningar var farið í fjörugan leik áður en aftur var haldið heim í skóla.



Bóndi í heimsókn



Í vikunni eftir afhendingu jólapakkanna fengum við **Hermann Inga Gunnarsson bónda í Klauf** í Eyjafjarðarsveit í heimsókn. Hann fræddi nemendur um starf bóndans og sýndi margar myndir af öllum hugsanlegum sveitastörfum og útskýrði hvernig þau skiptast eftir árstíðum. Krakkarnir hlustuðu af áhuga og komu með margar góðar spurningar. Eftir daginn með bónda voru allir margs vísari um lífið í sveitinni.

Tóbakslaus bekkur

Við ákváðum líka að taka þátt í verkefni sem nefnist tóbakslaus bekkur og landlæknisembættið stendur fyrir. Skilyrði fyrir þátttöku í því er að enginn í árganginum noti tóbak. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir bekki sem skila inn verkefnum og allir fá senda litla gjöf eftir áramót. Hægt er að lesa meira um verkefnið á síðunni <http://www.landlaeknir.is/tobakslausbekkur/>.





LOFTLAGSÁSKORUN HLEYPT AF STOKKUNUM Í SÍÐUSKÓLA

Þegar námsgátt Loftslagsáskorunarinnar var opnuð hér í Síðuskóla um miðjan nóvember, fengu allir 9. bekkingar gefins bol úr lífrænni bómull merktan verkefninu. Hér má sjá krakkana sæl og glöð í nýju bolunum ásamt Hafdís Kristjánsdóttur kennara.

Loftslagsáskorunin er grunnhugmynd fyrir kennslu um loftslag, orku og sjálfbæra þróun sem byggist á leik og er þróuð fyrir 12-14 ára grunnskólanema á Norðurlöndunum. Hugmyndin er að tryggja kennurum sveigjanleika og aðgang að faglega traustu efni. Um leið er lögð áhersla á virka þátttöku




Spurningakeppni á unglingastigi 1. desember



Í morgun var haldin árleg spurningakeppni á unglingastigi þar sem nemendur öttu kappi sín á milli í almennri þekkingu. Lengi vel var tvísýnt úrslit en á lokasprettinum var það 10. bekkur sem stóð uppi sem sigurvegari og hlaut í verðlaun farandbikar, bíómiða og fl.

Hér til hiðar má sjá sigurvegarana:

f.v. Róbert Valur, Lísbet Perla og Friðrik Valur.
Við óskum þeim til hamingju með sigurinn!



Keppnislið 9. bekkjar, f.v. Jóel, Brynjar og Haukur



Keppnislið 8. bekkjar, f.v. Fanney, Baldur, Karen Hrund




Róbert Valur leikur



Gísli rappar

Það á að gefa börnum brauð
 Það á að gefa börnum brauð
 að bíta í á jólunum,
 kertaljós og klæðin rauð,
 svo komist þau úr bólunum,.
 Væna flís af feitum sauð,
 sem fjalla gekk á hólunum.
 Nú er hún gamla Grýla dauð,
 gafst hún upp á rólunum.



Jólamatur

Hulda matráður og hennar fólk slær
 ekki slöku við í eldhúsinu og þann 16. desember verður
 jólamatur með öllu tilheyrandi á boðstólnum.



MATSEÐILL – desember 2014

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. Mexíkósk kjúklingasúpa Val nemenda	2 Lasagne snittubrauð og grænmeti	3 Fiskibuff, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	4. Píta með hakki, grænmeti, sósa	5. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð.
8. Hakk, spaghetti, snittubrauð	9. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	10. Snitzel, kartöflur, rauðkál, steiktur laukur	11. Fiskur í ofni, ferskt grænmeti, kartöflur, sósa, ávextir	12. Súpa, brauð,ávextir
15. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur,ávextir	16. Jólamatur	17. Steiktur fiskur, grænmeti, sósa,ávextir	18. Pasta, salat,ávextir	19. Skyr, smurt brauð,ávextir.